

REGLUR

um fjárhagsaðstoð frá Fjallabyggð.

I. KAFLI

Almenn atriði.

1. gr.

Inntak fjárhagsaðstoðar.

Skylt er að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar, sbr. IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum.

Fjárhagsaðstoð skal veitt fólki í tímabundnum erfiðleikum og er hugsuð sem aðstoð við einstaklinga og fjölskyldur til að mæta grunnþörfum þeirra.

Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna vegna þátttöku þeirra í þroskavænlegu félagsstarfi, í samræmi við 30. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga sbr. 21. gr. reglna þessara.

Jafnan skal kanna til þrautar möguleika á annarri aðstoð s.s. atvinnuleysisbótum, örorkubótum, sjúkradagpeningum o.s.frv.

Einstaklingar 17 ára og yngri, eiga alla jafna ekki rétt á fjárhagsaðstoð í eigin nafni.

Fjárhagsaðstoð skal veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði félagsmálanefndar, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar, í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

2. gr.

Framfærsluskilylda.

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Þeim sem sækir um aðstoð skv. reglum þessum er skylt að leita sér að atvinnu og taka þeirri atvinnu sem býðst nema því aðeins að veikindi, örorka, hár aldur eða aðrar gildar ástæður hamli því.

Fólk sem er í skráðri sambúð í Þjóðskrá á sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón. Sambúðin skal hafa verið skráð í Þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram, sbr. 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

3. gr.

Lækkun grunnfjárhæðar.

Hafi umsækjandi hafnað atvinnu eða sagt starfi sínu lausu án viðhlítandi skýringa eða hafnað starfsleitaráætlun, og/eða námskeiðstilboði hjá Vinnumálastofnun er félagsmálanefnd heimilt að greiða hálfa grunnupphæð til framfærslu er tilgreind er í III. kafla reglna þessara þann mánuð sem umsækjandi hafnar vinnu svo og mánuðinn þar á eftir.

Sama á við um atvinnulausan umsækjanda sem ekki framvísar vottorði eða greiðsluseðli frá Vinnumálastofnun án viðhlítandi skýringa og umsækjanda sem hætt hefur þátttöku í átaksverkefni, nema veigamiklar ástæður sem fram koma við mat á aðstæðum umsækjanda mæli gegn því.

4. gr.

Réttur fylgir lögheimili.

Fjárráða einstaklingar sem eiga lögheimili í Fjallabyggð eiga rétt á að leggja fram umsókn um fjárhagsaðstoð. Lögheimili manns er sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu. Maður telst hafa fasta búsetu á þeim stað þar sem hann hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tómsundum sínum, hefur heimilismuni sína og svefnstaður hans er þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna orlofs, vinnuferða, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um lögheimili nr. 21/1990.

Purfi fólk á skyndilegri aðstoð að halda í dvalarsveitarfélagi er skylt að veita tímabundna aðstoð. Skal um það haft samráð við lögheimilissveitarfélag og aðstoð metin og veitt í samræmi við reglur þess. Lögheimilissveitarfélag endurgreiðir dvalarsveitarfélagi kostnaðinn, sbr. 14. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

5. gr.

Form fjárhagsaðstoðar.

Fjárhagsaðstoð er veitt ýmist í formi styrkja eða lána. Fjárhagsaðstoð skal veitt sem lán ef umsækjandi sjálfur óskar þess eða könnun máls leiðir í ljós að umsækjandi á von á hærri atvinnutekjum eða afturvirkum greiðslum frá t.d. Tryggingastofnun ríkisins, Atvinnuleysistryggingasjóði, eða lífeyrissjóðum. Einnig skal tekið tillit til eigna í þessu sambandi. Lán eru vaxtalaus.

6. gr.

Tímabil samþykkis hverju sinni.

Fjárhagsaðstoð skal að öðru jöfnu greidd einn mánuð í senn og skulu ákvarðanir um aðstoð að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil en þrjú mánuði. Aðstæður þeirra sem hafa fengið fjárhagsaðstoð í 6 mánuði samfellt skulu kannaðar sérstaklega og félagslegri ráðgjöf beitt ásamt öðrum viðeigandi úrræðum. Í þeim tilvikum sem fjárhagsaðstoð hefur verið veitt samfellt í 6 mánuði skal leggja málið fyrir félagsmálanefnd.

Í undantekningartilvikum er heimilt að veita fjárhagsaðstoð vikulega vegna sérstakra aðstæðna.

7. gr.

Fjárhagsaðstoð aftur í tímann.

Fjárhagsaðstoð er ekki greidd aftur í tímann, jafnvel þó umsækjandi hafi átt rétt á aðstoð en ekki leitað hennar. Félagsmálanefnd Fjallabyggðar getur í undantekningartilvikum samþykkt að aðstoð skuli greidd aftur í tímann. Eigi umsækjandi rétt á fjárhagsaðstoð gildir rétturinn frá þeim tíma sem umsókn var móttækin.

II. KAFLI

Umsóknir um fjárhagsaðstoð og málsmeðferð.

8. gr.

Umsóknir og fylgigögn.

Umsóknir um fjárhagsaðstoð skal leggja fram hjá félagsþjónustu Fjallabyggðar. Við mat á beiðnum um fjárhagsaðstoð skulu eftirtalin gögn liggja fyrir:

- a) Umsókn á þar til gerðu eyðublaði, undirrituð af umsækjanda eða talsmanni hans. Þar skulu koma fram m.a. upplýsingar um persónulegar aðstæður, fjölskyldugerð, fjölskyldustærð, nafn maka, fjölda barna á framfæri, atvinnu, húsnæðisaðstæður, lögheimili, tekjur og eignir.
- b) Umsækjendur skulu mæta í viðtal til starfsmanna félagsþjónustu þar sem kannaðar eru félagslegar aðstæður. Veita skal umsækjendum leiðbeiningar um málsmeðferð umsóknar. Ennfremur skulu þeir upplýstir um rétt til aðstoðar sem þeir kunna að eiga annars staðar og ber þeim að nýta sér þann rétt.
- c) Tekjuýfirlit sem sýnir mánaðarlegar tekjur umsækjenda og gjöld. Við gerð þess skulu ætíð liggja fyrir afrit af launaseðlum fyrir tvo síðustu mánuði ef um atvinnutekjur er að ræða og/eða afrit síðasta bótaseðils frá Tryggingastofnun ríkisins. Einnig upplýsingar um aðrar tekjur, s.s. greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði, frá verkalýðsfélögum og lífeyrissjóðum. Umsækjandi skal skila staðfestu afriti af síðasta skattframtali.
- d) Viðbótarupplýsingar sem félagsþjónustan hefur aflað um hagi umsækjanda og rétt hans á greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins, sjúkrasamlagi, lífeyrissjóðum verkalýðsfélaga, atvinnuleysistryggingum eða öðrum aðilum. Einnig upplýsingar um lánamöguleika þegar slíkt á við. Samráð skal hafa við umsækjanda áður en upplýsinga er leitað, sbr. 59. og 62. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Heimilt er að hafna aðstoð ef umsækjandi neitar leyfi til að afla upplýsinga, t.d. úr lífeyrissjóðum.
- e) Sé umsækjandi, maki eða sambýlismaður atvinnulaus skal framvísa vottorði frá vinnu- miðlun minnisblaði atvinnuleitanda er staðfestir atvinnuleysi hans. Um er að ræða minnisblað sem gefið er út af Vinnumálastofnun og er lagt til grundvallar í viðtölum ráðgjafa stofnunarinnar við atvinnuleitendur.

- f) Njóti umsækjandi réttar til atvinnuleysisbóta skal hann framvísa greiðslufirliti. Ef um veikindi er að ræða skal umsækjandi framvísa læknisvottorði. Hafi hann ekki skráð sig í atvinnuleit, án viðhlítandi skýringa, missir hann hlutfallslegan rétt til fjárhagsaðstoðar það tímabil.
- g) Umsækjanda ber að leggja fram dvalarleyfi í þeim tilfellum sem það á við.

Víkja má frá framangreindum kröfum um framlagningu gagna sé um rökstutt neyðartilvik að ræða.

Við meðferð og vinnslu umsókna ber að sýna umsækjanda fyllstu virðingu og gæta trúnaðar um málefni hans.

9. gr.

Ákvörðun um fjárhagsaðstoð.

Félagsmálastjóri ákvarðar aðstoð í eftirfarandi tilvikum:

- a) Alla fjárhagsaðstoð samkvæmt III. kafla þessara reglna.
- b) Bráðaaðstoð til nauðsynlegrar framfærslu og vegna sérstakra áfalla, skv. 10. gr. reglnanna.
- Félagsmálanefnd ákvarðar aðstoð:
- c) Fjárhagsaðstoð samkvæmt IV. og V. kafla þessara reglna.
- d) Þegar sótt hefur verið um fjárhagsaðstoð í samtals 6 mánuði á síðustu 12 mánuðum.
- e) Ef farið er fram á að eldri lánnum sé breytt í styrki.
- f) Ef upp koma álitamál og reglur þessar eru ekki nægilega afgerandi.

10. gr.

Bráðaaðstoð.

Heimilt er að veita bráðaaðstoð til umsækjanda, án þess að fullnægjandi upplýsingar liggi fyrir. Bráðaaðstoð skal að jafnaði veitt sem lán og koma til frádráttar fjárhagsaðstoð sem síðar kann að verða veitt. Bráðaaðstoð getur ekki numið hærri upphæð en 25% af grunnfjárhæð einstaklings á mánuði og er aðeins heimilt að veita slíka aðstoð einu sinni. Reynist ekki vera réttur til fjárhagsaðstoðar við útreikning er upphæðin ætíð endurkræf.

11. gr.

Rökstuðningur synjunar.

Sé umsókn hafnað fær umsækjandi skriflegar upplýsingar um forsendur synjunar og honum jafnframt kynntur réttur til áfrýjunar bæði til félagsmálanefndar Fjallabyggðar og til úrskurðanefndar félagsþjónustu.

Heimilt er að synja umsækjendum um fjárhagsaðstoð sem eru í neyslu áfengis eða annarra vímuefna en bjóða aðstoð til að fara í áfengis-/vímuefna meðferð. Heimilt er að veita þessum aðilum 50% af grunnfjárhæð í sérstökum undantekningartilvikum.

12. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar.

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi umsækjanda er ætíð endurkræf.

Hafi umsækjanda verði greidd hærri fjárhagsaðstoð en vera bar samkvæmt reglum þessum getur félagsþjónustan endurkafið viðkomandi eftir almennum reglum kröfuréttar.

Liggi fyrir að ofgreiðslu megi rekja til rangra eða villandi upplýsinga, t.d. um svarta atvinnustarfsemi fjárhagsaðstoðarþega, er heimilt að draga upphæðina frá fjárhagsaðstoð sem umsækjandi kynni að öðlast rétt á síðar. Þó verður að gæta þess að ekki verði gengið lengra en svo við skulda-jöfnuð að fjárhagsaðstoðarþegi geti áfram séð fyrir sér og sínum, sbr. 12. gr. laga nr. 40/1991.

III. KAFLI

Réttur til fjárhagsaðstoðar.

13. gr.

Upphæð fjárhagsaðstoðar.

Fjárhagsaðstoð til einstaklings 18 ára og eldri tekur mið af útgjöldum vegna daglegs heimilis-halds og getur numið allt að kr. 115.567 á mánuði. Framfærslugrunnur vegna einstaklinga hefur stuðulinn 1,0 en vegna hjóna og fólks í sambúð stuðulinn 1,6. Fjárhæðir verði endurskoðaðar af félagsmálanefnd árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

Með rekstri eigin heimilis, sbr. ákvæði 1. mgr. er átt við þær aðstæður þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði og leggur fram þinglýstan húsaleigusamning um húsnæðið.

Mat á fjárhagsaðstoð er óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu.

Við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar er gert ráð fyrir því að aukalegur kostnaður vegna barna greiðist af barnabótum, barnabótaauka og meðlögum, ef við á.

Ungu fólki á aldrinum 18 til 20 ára, sem býr hjá foreldrum en á rétt á fjárhagsaðstoð sbr. IV. kafla, skal reiknuð framfærsla sem nemur 33% af upphæð grunnfjárhæðar. Hafi einstaklingur, sem fellur undir ofangreint, forsjá barns, skal viðkomandi reiknuð full grunnfjárhæð.

Kostnaði vegna húsnæðis er mætt með húsaleigubótum ef fólk leigir á frjálsum markaði, vaxta-bótum hjá fólki sem hefur keypt sér íbúðir og lágum húsnæðiskostnaði hjá þeim sem eiga íbúð í félagslega kerfinu.

14. gr.

Sameiginlegt heimilishald.

Þegar umsækjandi um fjárhagsaðstoð býr hjá foreldrum/foreldri, ættingjum, eða öðrum aðilum og nýtur hagræðis af því nemur upphæð fjárhagsaðstoðar mismunar grunnfjárhæðar einstaklings og grunnfjárhæðar hjóna/sambýlisfólks.

Geti umsækjandi sýnt fram á að hann njóti ekki hagræðis af sameiginlegu heimilishaldi er heimilt að veita fulla grunnfjárhæð. Hafi einstaklingur, sem fellur undir ofangreint, forsjá barns, skal viðkomandi reiknuð full grunnfjárhæð.

15. gr.

Tekjur og eignir umsækjanda/maka.

Allar tekjur einstaklingsins/maka í þeim mánuði sem sótt er um og tvo mánuði þar á undan, aðrar en greiðslur vegna barnaörorku, barnameðlags, barnabóta, húsaleigubóta og vaxtabóta, koma til frádráttar við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar.

Með tekjum er hér átt við allar tekjur einstaklings/fjölskyldu sem ekki eru ætlaðar til framfærslu barna. Til tekna teljast:

- a) Atvinnutekjur, allar skattskyldar tekjur TR, greiðslur úr lífeyrissjóðum, atvinnuleysisbætur, leigutekjur o.s.frv.
- b) Mæðra- og feðralaun.
- c) Framlag til menntunar eða starfsþjálfunar samkvæmt 62. gr. barnalaga nr. 76/2003 sem ung-menni 18-20 ára kunna að fá.
- d) Eigi umsækjandi rétt á atvinnuleysisbótum skal reikna atvinnuleysisbætur honum til tekna hvort sem hann hefur stimplað sig eða ekki, nema framvísað sé læknisvottorði.

16. gr.

Eignir umsækjanda/maka.

Við útreikning á fjárhagsaðstoð skal taka mið af eignum öðrum en íbúðarhúsnæði, sem umsækj- andi býr í, og bíl sem sannanlega er umsækjanda nauðsynlegur. Sé um aðrar eignir að ræða skal umsækjanda bent á fyrirgreiðslu banka og sparisjóða þó að tekjur viðkomandi séu undir viðmiðunar- mörkum.

Undanþegið þessu er ef eignir teljast sannanlega gera viðkomandi kleift að stunda atvinnu- starfsemi sem leiða mun til þess að hann verði sjálfbjarga og skal þá félagsmálanefnd Fjallabyggðar fjalla sérstaklega um málið.

Ef sótt er um fjárhagsaðstoð lengur en 6 mánuði skal kanna hvort íbúðarhúsnæði sé af eðlilegri stærð miðað við fjölskyldustærð og hvort mögulegt sé að fá ódýrara húsnæði í viðkomandi sveitarfélagi. Félagsmálanefnd áskilur sér rétt til að leita eftir ráðgjöf fyrir viðkomandi umsækjanda, frá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna þegar nefndin telur þess þörf.

17. gr.

Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar og einstaklingar í hlutastörfum.

Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem hafa lægri tekjur en sem nemur grunnfjárhæð, eiga rétt á fjárhagsaðstoð að því tilskildu að þeir hafi stöðvað atvinnurekstur sinn og leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006.

Sé umsækjandi í hlutastarfi með tekjur undir grunnfjárhæð skal gerð krafa um að viðkomandi skrái sig hjá vinnumiðlun og leiti að fullu starfi.

18. gr.

Meðlagsgreiðslur umsækjanda.

Heimilt er í sérstökum tilvikum að taka tillit til áfallandi meðlagsgreiðslna til hækkunar á framfærslu, hafi umsækjandi staðið í skilum með greiðslur. Það sama gildir um áfallandi skattaskuldir sem dregnar eru reglulega af launum. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi staðið í skilum með meðlag a.m.k. undanfarna þrjá mánuði. Átt er við meðlagsgreiðslur hverju sinni, en ekki uppsafnaðar meðlagsskuldir.

19. gr.

Námsmenn.

Einstaklingar sem stunda nám sem lánshæft er hjá LÍN njóta ekki réttar til fjárhagsaðstoðar. Aðrir námsmenn eiga ekki rétt til fjárhagsaðstoðar nema fullnægt sé skilyrðum 22. gr. reglna þessara um námstyrki/lán vegna náms.

20. gr.

Fangar.

Einstaklingar sem afplána dóm eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð. Sama gildir um samfélagsþjónustu. Með samfélagsþjónustu er verið að afplána refsivist þannig að þeir sem afplána refsivist með samfélagsþjónustu eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð.

IV. KAFLI

Heimildir til fjárhagsaðstoðar vegna sérstakra aðstæðna.

21. gr.

Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri.

Heimilt er að veita foreldrum sem hafa haft tekjur undanfarna fjóra mánuði sem eru við eða lægri en grunnfjárhæðin sérstaka fjárhagsaðstoð. Um er að ræða aðstoð til að greiða fyrir daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíðir, lengdan skóladag, sumardvöl og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tólmstundastarfi. Ætíð skal vera um tímabundna aðstoð að ræða sem sætir endurskoðun á sex mánaða fresti. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru að hámarki 12% af grunnfjárhæð einstaklings á mánuði.

Heimilt er að veita tekjulágum foreldrum fjárstyrk vegna náms 16 og 17 ára barna þeirra. Hér er átt við foreldra sem hafa haft tekjur við eða undir grunnfjárhæð undanfarna þrjá mánuði eða lengur. Styrkurinn sem miðast við að hámarki 30% af grunnfjárhæð einstaklings skal miða að því að greiða áætlaðan bókakostnað og skólagjöld.

22. gr.

Námsaðstoð.

Heimilt er að taka sérstakt tillit til námskostnaðar barna tekjulágra foreldra sem ekki geta sótt framhaldsskóla í heimabyggð. Við mat á fjárfþörf skal taka mið af aðstæðum fjölskyldu, m.a. fjárhag

hennar og fjarlægð skóla frá heimili. Skilyrði fyrir aðstoð vegna náms barna fjarri heimabyggð er að sótt hafi verið um námsstyrk samkvæmt lögum um námsstyrki sem samþykkt voru á Alþingi 14. mars 2003 og fjárhæð síðan metin að teknu tilliti til námsstyrksins.

Námsstyrki er heimilt að veita í eftirfarandi tilvikum og aðstoðin miðast við grunnfjárhæð ásamt skólagjöldum og bókakostnaði:

- a) Til einstaklinga 18–24 ára, sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla vegna fjárhagslegra og/eða félagslegra erfiðleika,
- b) Til einstæðra foreldra 18–24 ára, sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla og hafa haft atvinnutekjur undir grunnfjárhæð undanfarna tólf mánuði,
- c) Til einstaklinga sem hafa verið atvinnulausir eða þegið fjárhagsaðstoð í sex mánuði eða lengur og hafa ekki lokið grunnnámi sem gefur rétt á námsláni.

Starfsmaður skal meta námsframvindu í hverju tilviki miðað við aðstæður hvers og eins. Nemandi skal leggja fram yfirlit yfir skólasókn mánaðarlega og einkunnir í annarlok. Miðað skal við að námið leiði til starfsréttinda eða þess, að nemandi geti síðar hafið nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Ákvarðanir um námskostnað skulu teknar fyrir hverja önn og er heimilt að halda námsaðstoð áfram með hliðsjón af námsframvindu.

23. gr.

Sérstakir styrkir.

- a) Fæðingarstyrkur til ungra mæðra sem eru einstæðar og eru að eiga sitt fyrsta barn, eru með tekjur undir viðmiðunarmörkum og hafa átt við mikla félagslega erfiðleika að stríða. Aðstoðin er hugsuð til þess að kaupa útbúnað vegna barnsins, s.s. vagn, rúm o.s.frv. Hámarksaðstoð er 50% af grunnfjárhæð einstaklings.
- b) Jólasterkur til fjölskyldna með börn á framfæri undir 16 ára aldri, og eru undir viðmiðunartekjum. Upphæðina skal miða við 50% af grunnaðstoð fyrir einstakling en margföldunarstuðull fyrir hvern fjölskyldumeðlim er 0,5.
- c) Fermingarstyrkur til fjölskyldna með tekjur undir viðmiðunarmörkum, sem nemur 50% af grunnfjárhæð einstaklings.
- d) Húsbúnaðarstyrkur til öryrkja sem eru að hefja sjálfstæða búsetu. Hámarksaðstoð er 50% af grunnfjárhæð einstaklings. Húsbúnaðarstyrkir greiðast að jafnaði aðeins einu sinni.
- e) Styrkur til nauðsynlegra tannviðgerða fyrir fólk sem hefur átt við langvarandi atvinnuleysi að stríða, eða er öryrkjar og hefur átt við mikla félagslega erfiðleika að stríða. Hámarksstyrkur til tannviðgerða er 50% af grunnfjárhæð einstaklings. Kostnaðaráætlun tannlæknis skal ávallt fylgja með umsókn.
- f) Stofnkostnaður síma hjá öryrkjum sem búa einir.
- g) Hlutur aðstoðarþega í greiðslu vegna heimabjónustu skv. gjaldskrá heimabjónustu.
- h) Greiðsla liðveislu vegna fatlaðra einstaklinga og greiðsla vegna kostnaðar við framkvæmd liðveislu samkvæmt reglum sem félagsmálanefnd Fjallabyggðar hefur sett.
- i) Heimilt er að veita aðstoð til greiðslu útfararkostnaðar þegar staðreynt hefur verið að dánarbúið getur ekki staðið undir útför hins látna. Útfararstyrkur getur numið allt að tvöfaldri grunnfjárhæð. Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um útfararstyrk: Staðfest ljósrit af skattframtali hins látna, launaseðlar og greiðsluyfirlit frá tryggingum og lífeyrissjóðum, staðfesting frá stéttarfélagi um rétt til útfararstyrks, tilkynning sýslumanns um skiptalok á grundvelli eignayfirlýsingar, sbr. 25. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, eða einkaskiptaleyfi útgefið af sýslumanni til erfingja skv. 31. gr., sbr. 28. gr. laganna.
- j) Heimilt er að veita tekjulágum eftirlifandi maka lán eða styrk vegna útfararkostnaðar þegar dánarbúið getur ekki greitt fyrir útför hins látna og eignir eftirlifandi maka eru ekki aðrar en íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í.
- k) Heimilt er að veita foreldri eða foreldrum sem hafa tekjur á eða undir grunnfjárhæð fjárhagsaðstoð vegna útfararkostnaðar barns. Samþykkt aðstoð greiðist gegn framvísun reiknings frá útfararstofu og annarra gagna um kostnað vegna útfarar.

- l) Heimilt er að veita í eftirtöldum aðstæðum fjárhagsaðstoð til greiðslu viðtala hjá félagsráðgjöfum, geðlæknum og sálfræðingum, sem liður í umfangsmeiri aðstoð: a) einstaklingum sem hafa átt við mikla félagslega erfiðleika að stríða, b) einstaklingum eða fjölskyldum sem hafa orðið fyrir alvarlegum áföllum, svo sem skyndilegum ástvinamissi eða alvarlegu ofbeldi. Viðmiðunarmörk aðstoðar eru hálf grunnfjárhæð á ári.

24. gr.

Áfallaaðstoð.

Heimilt er að veita tekjulágum einstaklingum eða fjölskyldum fjárhagsaðstoð vegna skyndilegs missis búslóðar eða annars eignamissis sem orðið hefur vegna bruna eða náttúruhamfara. Einnig þegar rýma þarf íbúð af heilbrigðisástæðum er heimilt að veita aðstoð til kaupa á búslóð. Aðstoðin kemur einungis til álita þegar tjónþoli hefur ekki haft heimilistryggingu eða aðra tryggingu sem bætir tjónið. Viðmiðunarmörk aðstoðar samsvara einni grunnfjárhæð. Hafi umsækjandi tryggingu sem líklegt er að bæti tjónið skal aðstoð veitt með láni sem endurgreiðist þegar tryggingafélag hefur innt bótgreiðslu af hendi.

V. KAFLI

Fjárhagsaðstoð til fólks sem á við áfengis-/vímuefnavanda að stríða.

25. gr.

Fjárhagsaðstoð til fólks sem á við áfengis-/vímuefnavanda að stríða.

Umsækjendum sem eiga í erfiðleikum vegna neyslu áfengis og vímuefna skal vísað á viðeigandi meðferðarstofnanir. Félagsmálanefnd Fjallabyggðar er heimilt að greiða fararkostnað viðkomandi af því að fara í meðferð.

Neiti umsækjandi að fara í viðeigandi meðferð skal honum ekki reiknuð framfærsluaðstoð skv. III. kafla. Hins vegar er heimilt að greiða húsaleigu beint til leigusala og greiða til matvörukaupmanns ákveðna upphæð mánaðarlega til kaupa á fæði og nauðsynlegum hreinlætisvörum.

Sé ágreiningur um það hvort viðkomandi sé í neyslu skal honum gert að afsanna neysluna, t.d. með læknisvottorði, þvag- eða blóðprufum. Einnig skal umsækjandi stimpla sig atvinnulausan og vera þannig viðbúinn að taka vinnu eða framvísa læknisvottorði um að hann sé óvinnufær.

26. gr.

Réttur til vasapeninga.

Umsækjendur sem eru í áfengis-/vímuefnamedferð eiga rétt á vasapeningum, kr. 5.000 á viku þar til greiðsla sjúkradagpeninga tekur við, að því tilskildu að:

- a) viðkomandi sé ekki á launum á meðan meðferð stendur;
- b) viðkomandi hafi ekki bætur frá TR eða öðrum.

27. gr.

Áfangaheimili.

Umsækjendur sem dvelja á áfangaheimilum eiga rétt á greiðslu dvalarkostnaðar í allt að 6 vikur eftir meðferð. Einnig eiga þeir rétt á vasapeningum, kr. 3.000 - 5.000 á viku (eftir því hversu hátt hlutfall fæðis er inni í dvalargjaldinu á áfangaheimilinu, ef fullt fæði þá kr. 3.000, ef 75% fæði þá kr. 5.000) meðan dvöl stendur yfir. Félagsmálanefnd getur ákveðið að styðja fólk til að vera lengur á áfangaheimilum ef forsendur þykja vera til þess, t.d. ef fólk sem búið er að vera lengi í harðri neyslu áfengis eða vímuefna, gengur vel á áfangaheimilum er hugsanlegt að styðja þá ákvörðun lengur en 6 vikur. Gerðar eru þær kröfur til umsækjenda að þeir stimpli sig atvinnulausa eftir að þeir koma úr áfengismedferð eða skili læknisvottorði um að þeir séu óvinnufærir. Aðstoð félagsmálastofnunar við greiðslu dvalar á áfangaheimili skerðist í réttu hlutfalli við bótarétt viðkomandi.

VI. KAFLI
Málsmeðferð.

28. gr.

Málsmeðferðarreglur.

Málsmeðferðarreglur XV. og XVI. kafla um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og stjórn-sýslulaga nr. 37/1993 gilda um meðferð mála og ákvarðanatöku samkvæmt reglum þessum.

29. gr.

Afgreiðsla aðstoðar.

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti. Áður en samþykkt fjárhagsaðstoð er greidd viðkomandi, er heimilt að draga frá aðstoðinni upphæðir til greiðslu á: Húsaleigu, leikskólagjöldum, orkureikningum, eða öðru sem kveðið er á um í samkomulagi því sem gert er við umsækjanda.

30. gr.

Rökstuðningur synjunar.

Sé umsókn hafnað að hluta til eða í heild skal umsækjandi fá skriflegar upplýsingar þar sem forsendur synjunarinnar eru rökstuddar.

31. gr.

Málskotsréttur til félagsmálanefndar.

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað skv. reglum þessum er honum heimilt að vísa ákvörðun hlutaðeigandi starfsmanna til félagsmálanefndar innan 4 vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Félagsmálanefnd skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

32. gr.

Málskotsréttur til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar til úrskurðarnefndar félagsþjónustu sbr. lög nr. 40/1991. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálanefndar.

VII. KAFLI
Gildistími.

33. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 voru samþykktar í félagsmálanefnd 8. október 2007 og af bærarstjórn Fjallabyggðar 16. nóvember 2007, með breytingum samþykktum í bærarstjórn 17. mars 2009, 21. janúar 2010 og 8. febrúar 2012.

Fjallabyggð, 10. febrúar 2012.

Sigurður Valur Ásbjarnarson bærarstjóri.